

Næstu námskeið

Stjörnuskoðun

Hefst 26. febrúar

Námskeið fyrir þá sem vilja læra að þekkja stjörnur og stjörnumerki. Fjallað um stjörnumerki og stjörnuhimininn, farið stuttlega í notkun stjörnukorta og hvernig nota má tölvur og netið sem hjálpartæki við stjörnuskoðun. Seinni hlutinn er stjörnuskoðun úti þegar veður leyfir.

Tími: Kennt fimmtud. kl. 20:00 – 22:00 (2 skipti).

Kennari: Jón Björnsson.

Verð: 4.900 kr. á þátttakanda (6 kennslust.).

Þýska – framhald

Hefst 26. febrúar

Ætlað þeim sem hafa áður sótt þýskunámskeið eða hafa góðan grunn í þýsku en vilja ná meiri færni í málinu.

Tími: Kennt fimmtud. kl. 18:00 – 20:00 (10 skipti).

Kennari: Angela Schamberger.

Verð: 31.900 kr. á þátttakanda (30 kennslust.).

Einfalt og gott - matreiðsla

Hefst 3. mars

Matreiðslunámskeið fyrir þá sem ekki vilja eyða of miklum tíma í eldhúsinu en samt borða góðan mat. Námskeiðið er jafnt fyrir þá sem hafa litla reynslu úr eldhúsinu og þá sem eldað hafa árum saman en langar að fá nýjar hugmyndir og breyta til.

Tími: Kennt þriðjud. kl. 18:00 – 21:00 (2 skipti).

Kennari: Elín Ólafsdóttir.

Verð: 9.200 kr. á þátttakanda (8 kennslust.).

Tölvur fyrir byrjendur

Hefst 4. mars

Engin undirstaða er nauðsynleg. Farið verður í grunnatriði tölvunotkunar, ritvinnslu (Word), internetið, notkun tölvupósts og annað sem þátttakendur óska eftir.

Tími: Kennt miðvikud. kl. 20:00 – 22:00 (6 skipti).

Kennari: Haukur Vagnsson.

Verð: 19.900 kr. á þátttakanda (18 kennslust.).

Hvað vex fyrir vestan?

Hefst 4. mars

Farið verður yfir þann jarðargróður sem hægt er að rækta á Vestfjöðrum til manneldis og hvað vex villt í náttúrunni.

Tími: Kennt miðvikud. kl. 20:00 – 22:00 (1 skipti).

Kennari: Ásthildur Cesil Þórðardóttir.

Verð: Námskeiðið er styrkt af Vinumarkaðsráði Vestfjarða og er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Gull í mund – Excel 2007

Hefst 5. mars

Stutt morgunnámskeið fyrir þá sem hafa notað eldri útgáfur af Excel en búnir að skipta yfir í Office 2007. Upplagt fyrir vinnustaði.

Tími: Kennt fimmtud. og föstud. kl. 8:15 – 10:15.

Kennari: Haukur Vagnsson.

Verð: 8.500 kr. á þátttakanda (6 kennslust.).

Tölvur fyrir eldri borgara

Hefst 5. mars

Hæg yfirferð og einstaklingsmiðuð kennsla. Á námskeiðinu verður lögð áhersla á tölvuna sem afþreyingar- og samskiptatæki. Fjallað verður um internetið, tölvupóstinn og annað sem þátttakendur óska eftir.

Tími: Kennt fimmtud. kl. 13:00 – 15:00 (6 skipti).

Kennari: Haukur Vagnsson.

Verð: 19.900 kr. á þátttakanda (18 kennslust.).

Smáskipanám

Hefst 5. mars

Smáskipanám kemur í stað þess sem áður var nefnt 30rl réttindanámskeið (pungapróf) og miðast atvinnuskírteinin nú við skip 12 metrar og styttri að skráningarlengd, eftir 12 mánaða siglingatíma. Þeir sem ljúka smáskipaprófi geta tekið verklegt próf og öðlast þar með einnig skemmtibátaréttindi á 24 metra skemmtibáta.

Tími: Ákveðinn í samráði við þátttakendur. 1. tími fimmtud. 5. mars kl. 20:00.

Kennari: Hjalti Már Hjaltason.

Verð: 85.000 kr. á þátttakanda (144 kennslust.).

Prjón fyrir byrjendur

Hefst 10. mars

Námskeið fyrir þá sem ekki hafa prjónað mikið en vilja komast af stað. Farið í hvernig á að fitja upp, prjóna slétt og brugðið, auka út, taka úr, fella af og prjóna einfalda sokka og vettlinga.

Tími: Kennt þriðjud. kl. 20:00 – 22:00 (2 skipti).

Kennari: Sigrún Guðmundsdóttir.

Verð: 7.900 kr. á þátttakanda (6 kennslust.).

Kryddjurtir

Hefst 11. mars

Farið verður yfir grundvallaratriði við ræktun kryddjurta; hvaða jurtir koma til greina og mögulega notkun þeirra.

Tími: Kennt miðvikud. kl. 20:00 – 22:00 (1 skipti).

Kennari: Kristín Álfheiður Arnórsdóttir.

Verð: Námskeiðið er styrkt af Vinumarkaðsráði Vestfjarða og er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Næstu námskeið

Bóthildur

Hefst 17. mars

Námskeið um bókhaldsforritið BÓTHILDI, sem hefur vakið mikla athygli fyrir gagnsemi við heimilis-bókhaldið. Forritið ásamt USB lykli fylgja.

Tími: Kennt þriðjud. 17. og 31. mars og 21. apríl kl. 20:00 – 22:00 (3 skipti).

Kennari: Þorsteinn Gestsson höfundur BÓTHILDAR.

Verð: 11.900 kr. á þátttakanda (9 kennslust.). Þeir sem eiga forritið BÓTHILDI greiða 9.900 kr.

Að halda veislu - ódýrt!

Hefst 17. mars

Matreiðslunámskeið fyrir þá sem ætla að halda fermingarveislur, útskriftarveislur, afmælisveislur eða aðrar veislur á krepputímum. Farið verður í hvernig gera má girnilega veislurétti án þess að kosta of miklu til.

Tími: Kennt þriðjud. kl. 18:00 – 21:00 (2 skipti).

Kennari: Elín Ólafsdóttir.

Verð: 9.200 kr. á þátttakanda (8 kennslust.).

Aftur í nám

28. febrúar opinn kynningarfundur

Laugardaginn 28. febrúar n.k. Kl. 13:30 stendur Fræðslumiðstöð Vestfjarða fyrir opnum fundi þar sem Jón Einar Haraldsson (Lambi) mun kynna á námskrána *Aftur í nám*. Um er að ræða 95 kennslustunda nám ætlað þeim sem komnir eru af unglingsaldri og glíma við lestrar- og skriftarörðugleika. Tilgangur námsins er að þjálfa námsmenn í lestri og skrift með aðferðum Ron Davis og efla sjálfstraust þeirra. Auk Ron Davis þjálfunar er farið í sjálfstyrkingu, íslensku og tölvu- og upplýsingatækni. Bæði er um að ræða einstaklings- og hópkenndu. Námið má meta til allt að 7 eininga í framhaldsskólum.

Færni í ferðapjónustu

7. mars - opinn kynningarfundur

Laugardaginn 7. mars stendur Fræðslumiðstöð Vestfjarða fyrir opnum kynningarfundum á námskránni *Færni í ferðapjónustu*. Um er að ræða 60 kennslustunda nám sem ætlað er bæði þeim sem nú þegar starfa innan ferðapjónustunnar og þeim sem hafa áhuga á að starfa innan greinarinnar, til dæmis sumarstarfsfólki. Námið má meta til allt að 5 eininga í framhaldsskólum.

Verkefnastjórnun

Hefst 19. mars

Námskeið ætlað starfsmönnum og stjórnendum sem þurfa að stýra verkefnum. Fjallað um grundvallaratriði verkefnastjórnunar og kenndar aðferðir sem koma að góðum notum hvort sem er innan fyrirtækja, stofnana eða hjá félagasamtökum.

Tími: Kennt fimmtud. kl 10:00 – 16:30 (1 skipti).

Kennari: Aðalheiður Sigurðardóttir.

Verð: 24.000 kr. á þátttakanda (8 kennslust.).

Heimilisfjármálin

Hefst 2. apríl

Stutt námskeið um fjármál heimilanna, þar sem stiklað er á sparnaði í heimilishaldi, lánum og greiðsluferfiðleikum.

Tími: Kennt fimmtud. 18:00 – 20:00 (1 skipti).

Kennarar: Helga Alberta Ásgeirsdóttir og Margrét Högnadóttir

Verð: 3.900 kr. á þátttakanda (3 kennslust.). Þeir sem sitja námskeiðið um BÓTHILDI greiða 2.900.

Stutt, hagnýt námskeið fyrir ferðapjónustuna

Fræðslumiðstöðin og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða munu nú á næstunni standa fyrir röð námskeiða sem ætluð eru þeim sem starfa innan ferðapjónustunnar. Um er að ræða stutt, hagnýt námskeið sem hvert um sig tekur aðeins eina kvöldstund. Meðal þess sem tekið verður fyrir á námskeiðunum er: Hvað þarf að koma fram í bæklingum og á heimasíðum, markaðssetning á Facebook, þjónusta, svæðisþekking og grunnatriði í rekstri. Námskeiðin hefjast í mars og verða auglýst nánar fljótlega. Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband við Fræðslumiðstöðina eða Atvest og fá nánari upplýsingar.